

**SAMTÖK FERÐAÞJÓNUSTUNNAR**  
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík  
Sími: 511-8000 Fax: 511-8008 E-mail: erna@saf.is

Alþingi  
Erindi nr. Þ 123/536  
komudagur 9.12.'98

Efnahags og viðskiptanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. desember 1998

## **Efni: Umsögn um frumvarp um bifreiðagjöld. 279. mál**

Félagi sérleyfishafa og Félagi hópferðaleyfishafa hafa borist ósk um umsögn um ofangreint mál. Félögin gefa hér sameiginlega umsögn undir merkjum Samtaka ferðþjónustunnar, þar sem unnið er að sameiginlegum hagsmunamálum félaganna.

### **1. Breyting á bifreiðagjaldi**

Samtökin mótmæla alfarið þeirri breytingu sem gerð hefur verið á bifreiðagjaldi í lögum 39/1988. Bifreiðagjald var kr 26.750 að hámarki fyrir setningu laga 39/1988 en þá var hámarkið afnumið með gríðarlegum kostnaðarauka fyrir eigendur stærri bifreiða. Þörf er á að minna hæstvirta nefndarmenn á heiðursmannasamkomulag það sem gert var á lokadögum síðasta þings þegar hagsmunaaðilar í landflutningum samþykktu möguleika á hækkun bifreiðagjalds í allt að 30.000 kr. til að greiða fyrir lækkun vörugjalds af vörubifreiðum niður í 7,5%. Af hverju þurfti sérstaka tekjustofna til að mæta þessari lækkun er okkur reyndar óskiljanlegt þegar að hægt var t.d. að lækka vörugjald af vinnuvélum niður í 0 án þess að neinar álögur kæmu í staðin. Í raun er ekki um að ræða lækkun á bifreiðagjaldinu þar sem þessar tillögur miða að hækkun úr kr 26.750 í kr. 36.200 eða um rúm 35% á rúmu hálfu ári. Það er því krafa samtakana að staðið verði við áður nefnt heiðursmannasamkomulag og bifreiðagjald lækkað niður í kr.26.750 að hámarki.

### **2. Hækkun á þungaskatti**

Samtökin mótmæla sífelldum hækkunum á þungaskatti. Hæstvirtur fjármálaráðherra lofaði ítrekað að sú tekjuaukning sem fengist með bættum innheimtum á þungaskatti myndi ganga til lækkunar á skattinum - ekki hækkunar. Nú er ljóst að innheimta þungaskatts hefur stórbatnað og ríkissjóður haft af góðar tekjur. Þessa bættu innheimtu má meðal annars rekja til þess að bifreiðaeigendur hafa verið knúnir til að fjárfesta í dýrum öikumælum og ökuritum til að auðvelda innheimtu og eftirlit. Þessi bætta innheimta hefur þannig verið gerð tæknilega möguleg að stórum hluta með tækjabúnaði sem bifreiðaeigendur hafa þurft að kosta.

### **3. Styttri innlagnartími**

Samtökin fagna því að komið hefur verið til móts við óskir þeirra um að stytta þann tíma sem leggja þarf inn skráningarmerki til að fá afslátt á fastagjaldi þungaskatts. Telja verður eðlilegt að sami tími verði látin gilda um bifreiðagjald, þannig að bifreiðagjald verði lækkað hlutfallslega miðað við 15 daga en ekki þrjá mánuði eins og í dag.

#### 4. Fastagjald kr. 100.000

Samtökin mótmæla harðlega þeirri mismunun sem felst í 100.000 kr fastagjaldi á allar bifreiðar yfir 14 tonnum. Stærstur hluti hópibifreiða sem er yfir 14 tonn er á bilinu 14 til 17 tonn og þarf að aka þeim um 23.000 km á ári til að þeir standi jafnvígir og fyrir álögu þessa gjalds. Stærri bifreið t.d. 31 tonna flutningabíll þarf hinsvegar einungis að aka um 10.000 km til að ná sama hagræði. Þar sem meðal akstur hópibifreiða á Íslandi er einungis um 22.000 km á ári er það krafa okkar að bæði verði gjaldið lækkað og eins settir á einhverjir flokkar þannig að greiðslubyrðin verði jafnari eftir stærðum.

#### 5. Tillaga að viðbótarbreytingu á lögum 3/1987

Þar sem verið er að vinna að breytingum á ofangreindum lögum vilja samtökin koma á framfæri kröfu um að einnig verði breytt fyrstu setningu A liðar 4. greinar þannig að í stað þess að segja allt að 4.000 kg verði sett allt að 5.000 kg.

Rök fyrir þessari breytingu eru eftirfarandi:

Eftir að fallið var frá upptöku olúgjalds, sem öllum okkar þótti reyndar afar misráðið, brennur nú aftur á okkur mál sem olúgjaldið hefði leyst og varðar fast gjald þungaskatts. Því er þannig háttáð að með minnkandi farþegafjölda notum við æ meira bifreiðar sem eru fyrir 14-17 farþega. Þessar bifreiðar vega á bilinu frá upb. 3,5 og allt að 5 tonnum. Þann hluta þessara bifreiða sem eru undir fjögurra tonna markinu er heimilt af hafa á föstum skatti. Þessi regla var tekin í lög árið 1970 en þá varð sú breyting á gjaldtöku þungaskatts, að tekið var upp kílómetragjald fyrir allar bifreiðar en um leið var lögleitt að bifreiðareigandi hefði val um að bifreiðar undir fjögurra tonna leyfðri heildarþyngd greiddu fast árgjald. Þessi regla hefur ekki breyst síðan, en ýmislegt í gerð og búnaði bifreiða hefur breyst frá árinu 1970. Þar má telja ýmis atriði sem hafa leitt til meiri eigin þyngdar og þar með minni burðargetu. Má nefna stærri vélar, mengunarvarnarbúnað, þyngra hitunarkerfi, tvöfalt gler, íburðarmeiri sæti og það nýjasta, fyrirsjáanleg krafa um öryggisbelti í öll sæti sem enn bætir við eigin þyngd.

Okkur finnst ekki eðlilegt að við það að uppfylla strangari öryggis- og mengunarstaðla eða mæta kröfum farþega okkar um meiri þægindi breytist skattaleg meðferð bifreiðanna þannig að skattlagning á þær aukist, því hún eykst mjög verulega. Því finnst okkur eðlilegt, og við beinum því eindregið til fjármálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að fjögurra tonna markið verði fært upp. Í fljótu bragði sögðum við að okkur virtist eðlilegt að 5 tonn í dag væri svipuð viðmiðun og 4 tonn voru þegar lög in voru sett.

Því er svo við að bæta að afnám laganna um olúgjald rétt áður en þau áttu að taka gildi hafði í för með sér verulegan fjárhagslegan skaða fyrir marga af okkar félagsmönnum sem höfðu fjárfest í nýjum bifreiðum m.t.t. rekstrarhagkvæmni þeirra við þær aðstæður sem hin nýju lög sköpuðu, en þessar bifreiðar eru afar óhagkvæmar í rekstri meðan núverandi lög um þungaskatt eru í gildi og af sömu ástæðu því illseljanlegar.

Það er trú okkar að hæstvirt efnahags- og viðskiptanefnd taki ábendingum samtakanna vel og færi þessi mál til betri vegar.

Virðingarfyllt



Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri

# SAMTÖK FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík

Sími: 511-8000 Fax: 511-8008 E-mail: [erna@saf.is](mailto:erna@saf.is)

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík 9. desember 1998

## Varðar vörugjald af ökutækjum

Í 9. grein frumvarps til laga um breytingar á m.a. lögum nr. 29/1993 um vörugjöld af ökutækjum er kveðið á um breytingar á vörugjöldum ökutækja.

Í 3. tölulið D er kveðið á um lækkun vörugjalds fólksbifreiða sem falla í gjaldflokk II skv. 3 grein og ætlaðar eru til útleigu hjá aðilum sem hafa tilskilin leyfi til reksturs bifreiðaleigu. Um er að ræða lækkun vörugjalds úr 40% í 30%.

Hér er verið að lögbinda lækkun sem í raun hefur verið í gildi á 3. ár skv. reglugerð.

Staðreyndin er sú að þessi lækkun á aðeins við u.þ.b. 5-10% af bílum bílaleiganna á landinu. Flestallir bílanna eru í gjaldflokkum I og III, sérstaklega I.

Vörugjöld bílaleigubifreiða eru því 30% fyrir flokk I og II og 65% fyrir flokk III og er ekki um neina lækkun að ræða skv. þessu frumvarpi skv. ofansögðu.

Skv. 4. tölulið 9. greinar eru lagðar til verulegar lækkanir á vörugjöldum leigubifreiða, þar að auki hafa vörugjöld hópferðabifreiða verið felld niður að fullu fyrir stærstu bifreiðarnar og verða lækkuð í 5% á næsta ári fyrir þær minni.

Allar þessar lækkanir eru gerðar með þeim rökum að um atvinnutæki sé að ræða.

Bílaleigubílar, leigubílar og hópferðabifreiðar eru allt atvinnutæki sem keppa á sama markaði og eru grunnþættir í ferðaþjónustu. Með þessu frumvarpi er því líkt ósamræmi milli vörugjalda þessara greina að ekki verður við unað.

Það er því krafa af hálfu bílaleiga að vörugjöld af bílaleigubifreiðum verði a.m.k. lækkuð til samræmis við leigubifreiðar.

Fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar óska eftir fundi með nefndinni eins fljótt og mögulegt er vegna þessa máls.

Virðingarfyllt



Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri